

# **Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**

**Innrimel 3, 301 Akranes**

**kt. 550399-2299**

**Símar: 4312740 og 4312750**

**netf: [heilbrigdiseftirlit@vesturland.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@vesturland.is)**

Hvalfjarðarsveit, 10. apríl 2013

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) hefur borist bréf Umhverfisstofnunar (UST) undirritað af Val Klemenssyni, þar sem óskað er eftir umsögn vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Akranesi.

HeV telur að starfsleyfisdrögin gefi góða mynd um þær kröfur sem gerðar eru til fiskimjölsverksmiðja og gerir ekki athugasemdir við efni þeirra.

Hins vegnar vill HeV benda á það að komi til óeðlilegrar lyktarmengunar frá starfseminni eða annarrar mengunar er aðeins getið um kröfur að tilkynna slíkt til UST en ekki bæjaryfirvalda, heilbrigðisnefndar eða almennings. HeV álítur að birta eftirlitsnótur á heimasíðu UST fullnægi ekki slíkri upplýsingaskyldu sem að framan greinir og ætti því að vera sem hluti af starfsleyfinu. Sama er að segja um mælingar sem fyrirtækinu er skylt að gera sbr. ákvæði 3.2. í starfsleyfisdrögnum.

Virðingarfyllst,

  
framkv.stj. heilbrigðiseftirlits